

lýsir fógæti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, sjónvarpstæki, tegund Sony, sambyggðu útvarpstæki og magnara, tegund Bella Music, ásamt hátölurum og borðstofusetti (2 sófum og stól með gráu áklæði ásamt sófaborði).

Fallið er frá virðingu.

Fógæti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mættu, sem er ólöglærð, og brýnir m. a. fyrir henni, að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Priðjudaginn 23. desember 1975.

Nr. 146/1974. **Kaupfélag Patreksfjarðar og Samvinnutryggingar g/t**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

D og gagnsök

(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1974. Þeir krefjast sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem varð fjárráða eftir uppsögu héraðsdóms og fer sjálfur með mál sitt fyrir Hæstarétti, hefur áfrýjað málinu með stefnu 23. desember 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum óskipt 220.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 13. mars 1961 til 16. maí 1973, en 9%

ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur verði aðaláfrýjandi Kaupfélag Patreksfjarðar einn dæmdur til að greiða honum 6.780.000 krónur, eða til vara aðra lægri fjárhæð, með vöxtum eins og að framan greinir. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi beggja aðaláfrýjenda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál fyrir Hæstarétti, en hann fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 17. desember 1974.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

I.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta úrlausn hans um, að aðaláfrýjandi Kaupfélag Patreksfjarðar beri skaðabótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda samkvæmt hinni hlutlægu bótareglu í 1. mgr. 67. gr., sbr. 69. gr., umferðarlaga nr. 26/1958, nú umferðarlaga nr. 40/1968. Þá ber og að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að aðaláfrýjandi Samvinnutryggingar g/t sé greiðsluskyldur gagnvart gagnáfrýjanda, sbr. 2. málsg. 74. gr. nefndra laga.

Samkvæmt því, sem greinir í lögregluskýrslu um slysið og stuðning hefur í öðrum gögnum máls, þykir mega við það miða, að gagnáfrýjandi hafi hlaupið undan leikfélaga sínum upp bakkann og út á götuna. Hafi hann þá tekið eftir bifreiðinni B 193, en ekki tekist að stöðva sig og runnið á hálku inn undir bifreiðina milli framhjóla og afturhjóla hennar. Þegar gætt er þessara atvika, aðstæðna á slysstað og ungs aldurs gagnáfrýjanda, þykir eigi rétt að lækka bætur til hans samkvæmt ákvæði 3. mgr. 67. gr. laga nr. 26/1958, sbr. nú lög nr. 40/1968.

II.

Gagnáfrýjandi slasaðist hinn 13. mars 1961. Meiðslum hans og sjúkrasögu er lýst í vottorðum Sigursteins Guðmundssonar héraðslæknis, dags. 16. mars 1961, vottorðum dr. Friðriks Einarssonar yfirlæknis, dags. 8. nóvember 1961, 27. febrúar 1969, 30. apríl 1970, 16. apríl 1973 og 21. nóvember 1975, vottorði Kristbjarnar Tryggvasonar yfirlæknis, dags. 22. maí 1963, vottorði D. Innes Williams læknis, dags. 7. febrúar

1963, og í vottorði Ólafs Arnar Arnarsonar lækni, dags. 3. apríl 1974. Eru vottorð þessi tekin upp í örorkumati, en eigi eru þau lögð fram sjálfstætt í málinu. Faðir gagnáfrýjanda hefur og ritað rækilega skýrslu um sjúkraferil gagnáfrýjanda, og hefur hún verið lögð fyrir Hæstarétt.

Meiðsli gagnáfrýjanda reyndust þessi samkvæmt ofangreindum læknisfræðilegum gögnum:

1. Brot á h. fótlegg.
2. Brot á mjaðmargrind.
3. Rifa á þvagrás.

Gagnáfrýjandi lá á sjúkrahúsum hér á landi 13. mars til 1. maí 1961, 14. júní til 5. júlí og 16. ágúst til 19. nóvember s. á. Þá gekkst hann undir aðgerðir vegna þvagrásarmeisla í bresku sjúkrahúsi þrívegis á árabílinu 1961—1963, og virðist hafa dvalist í því sjúkrahúsi samtals um 12 vikur. Hann hefur síðar sætt alloft lækni-aðgerðum vegna þeirra, síðast 20. nóvember 1975.

Læknisvottorð benda til, að eigi hafi hlotist varanleg mein af fótbroti gagnáfrýjanda né mjaðmargrindarbroti hans. Voru gipsumbúðir teknar af fæti eftir 6 vikur. Í vottorði dr. Friðriks Einarssonar 8. nóvember 1961 segir, að brot á mjaðmargrind hafi „gróið vel og engin missmíði þar að sjá“. Læknisvottorð sýna hins vegar, að gagnáfrýjandi átti lengi í meiðslum þeim á þvagrás, er hlutust af slysinu. Í vottorði D. Innes Williams lækni, dags. 7. febrúar 1963, segir svo í íslenskri þýðingu:

„Þessum dreng er vísað til mín í nóvember 1961. Hafði hann mjaðmargrindarbrotnað í marsmánuði 1961 og þvagrásin slitnað ofan til. Aðgerð á þvagrásinni hafði verið gerð á Íslandi, en enn voru mikil þrengsli, sem öllu þvagteppu og eistnalippubólgu. Hinn 8. desember var gerð fyrsta stigs aðgerð vegna þrengslanna í þvagrásinni, þrengslin víkkuð og húðflípi af koðranum færður upp að þeim. Tók þetta nokkurn tíma að gróa, og þegar drengurinn kom aftur í maí 1962, kom í ljós, að hann var ennþá með þrengsli á litlu svæði við efri enda á áðurnefndum aðgerðarstað, og enn á ný hafði hann fengið eistnalippubólgu. Fyrsta stigs aðgerðin var því endur-

tekin. Drengurinn kom aftur í Great Ormond Street í janúar 1963 til annars stigs aðgerðar, og í þetta skipti reyndist ekki vera um nein þrengsli að ræða. Þvagrásinni hefur verið lokað og þvaglát eru nú eðlileg.

Þessi drengur hefur orðið fyrir alvarlegum áverka á þvagrásinni og hringvöðvum hennar. Hann mun eiga erfitt með að halda þvagini, en þetta ætti þó að lagast á nokkrum árum. Hann mun þurfa að fara í rannsókn öðru hverju til þess að ganga úr skugga um, að þrengslin myndist ekki á ný. Sem stendur virðast þessi þrengsli vel gróin, en þó kann það að valda frekari óþægindum. Hann hefur haft svæsna eistnalippubólgu nokkrum sinnum, og það er möguleiki, að frjósemi hans hafi beðið hnekki. Einnig er veruleg hætta, jafnvel möguleiki á, að mjaðmargrindarbrotið hafi truflað eðlilega þrútnun getnaðarlímsins (penile erection), þannig að samfarir verði útilokaðar“.

Í vottorði dr. Friðriks Einarssonar frá 27. febrúar 1969 segir m. a., að gagnáfrýjandi telji líðan sína nú góða og þvaglát séu alveg í lagi. Hann hafi „um allmörg ár átt vanda til að missa þvag, sérstaklega við áreynslu . . .“, en þessa hafi ekki gætt sl. 2 ár. Er sérstaklega bent á, að gagnáfrýjandi hafi eigi haft kynferðismök „og ómögulegt er að segja enn, hvort geta hans til þess hafi spillst eða kannski alveg eyðilagst við slysið“. Þá þurfi að víkka þvagrás gagnáfrýjanda a. m. k. árlega um nokkur eða jafnvel mörg ár. Þörf á víkkun á þvagrás er áréttuð í vottorðum sama læknis 30. apríl 1970, 16. apríl 1973 og 21. nóvember 1975. Í síðasta vottorðinu segir, að lækniseftirlit á þvagrás sé nauðsynlegt „á eins til tveggja ára fresti, jafn vel þó engin einkenni frá þvagfærum komi fram“. Sé eigi hægt að segja um það, hve mörg ár þurfi að fylgjast með gagnáfrýjanda vegna þessa, „en þau geta verið mörg“.

Í vottorði dr. Friðriks Einarssonar frá 16. apríl 1973 segir m. a. svo um heilsuhagi gagnáfrýjanda: „Hann kvartar ekki yfir neinu, sem rekja mætti til afleiðinga slyssins, sem hann varð fyrir um árið. Þvaglát eru að sögn í lagi, og einnig segist hann hafa haft kynferðismök og með góðum árangri, en telur

þó, að nokkurs kyndofa gæti hjá sér við og við. . . . Ytri kynfæri virðast eðlileg og einnig blöðruhálsskyrtill“. Síðar í vottorðinu segir svo: „Þótt sjúkl. hafi haft kynferðismök og að því er talið er með góðum árangri, þá er þó ekki hægt að segja nema með frekari rannsókn, hvort allt er í lagi með hans sæði t. d.“.

Rannsókn var gerð á sæði gagnáfrýjanda, og segir um hana í vottorði Ólafs Arnar Arnarsonar læknis, dags. 3. apríl 1974. Þykir rétt að taka það upp í heilu lagi, svofellt:

„Ofangreindur sjúklingur leitaði til mín þann 27. febrúar 1974 vegna spurningar um frjósemi. Þegar hann var 6 ára gamall, mun hann hafa orðið fyrir bil og hlotið allmikil meiðsli, m. a. mun þvagrásin hafa farið í sundur. Sjúklingur var þá skorinn upp bæði hér á landi og síðar í Englandi. Það gengur sémilega með þvaglát síðan. Hins vegar hefur hann átt í dálitlum erfiðleikum með samfarir, en það hefur þó gengið með sémilegum árangri. Það var gerð hjá honum semen analysa, og kom í ljós, að hann er með algera aspermiu, þ. e. a. s. það eru engar sæðisfrumur, sem koma fram.

Það verður þannig að álíta, að sjúklingur sé algjörlega ófrjór, og má með talsverðri vissu rekja það til slyssins, sem hann varð fyrir 6 ára gamall“.

Í örorkumati Jónasar læknis Hallgrímssonar frá 8. apríl 1974 eru læknisvottorð ítarlega rakin. Kveður læknirinn gagnáfrýjanda hafa í viðtali við sig talið sig þreytast í hægra fæti stöku sinnum, en að öðru leyti hafi hann eigi haft nein óþægindi af fótbroti. Hann kvaðst þá ekki hafa sársauka við þvaglát. Síðan segir: „Hann taldi sig ekki fá nægilega erektion til samfara“.

Örorkumatinu lýkur með eftirfarandi kafla:

„Niðurstæða:

Af ofanskráðum vottorðum er ljóst, að D hefur hlotið bæði tímabundna og varanlega örorku af slysinu. Samkvæmt vottorðum dr. Friðriks Einarssonar mun D þurfa áfram að vera í eftirliti vegna útvíkkunar á þvagrás, sem hætta er á, að geti annars þrengst og haft slæmar afleiðingar í för með sér. Einnig hefur komið í ljós, að D er ófrjór, og án efa verður

hann það það, sem eftir er ævinnar. Hann hefur einnig minnk-
aða erection og þar með hæfni hans til samfara verulega
skert. Örorka D miðast við það þrennt, sem hér hefur verið
talið, og telst hún sem hér segir:

Frá slysinu í 2 ár	100%
Síðan varanleg örorka	35%“

III.

Gagnáfrýjandi höfðaði mál þetta í héraði, áður en varan-
leg örorka hans hafði verið metin. Hann sundurliðaði ekki
fjárhæð dómkröfu sinnar fyrir héraðsdómi, en skýrir hana
svo fyrir Hæstarétti:

1. Örorkutjón	kr. 2.148.333
2. Miski	— 4.998.476
3. Kostnaður vegna ferða til Bretlands til lækninga	— 161.850

Alls kr. 7.308.659

Frá dregst:

1. Bætur frá aðaláfrýjanda Samvinnutrygg- ingum g/t	kr. 280.000
2. Greiðslur frá Sjúkrasamlagi Kópavogs	— 28.659 kr. 308.659

Alls kr. 7.000.000

Gagnáfrýjandi hefur fengið Guðjón Hansen trygginga-
stærðfræðing til að reikna örorkutjón sitt að nýju og lagt
þann útreikning fyrir Hæstarétt. Er útreikningurinn dags. 9.
október 1975. Við útreikninginn er byggt á sömu forsendum
og í fyrri útreikningum, en tekið tillit til breytinga á kaup-
gjaldi, sem orðið hafa síðan í júní 1974, nýrra upplýsinga
um meðaltekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík á árunum
1973—1974, auk þess sem miðað er við endurskoðaðar fyrri
tölur um meðaltekjur verkamanna árið 1972. Í útreikningu-

um er miðað við 7% ársvexti frá slysdegi til 16. maí 1973, en 9% ársvexti eftir þann tíma. Samkvæmt hinum nýja útreikningi nemur verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi 2.148.333 krónum, en lækkar um sem næst 24.5%, ef reiknað er með 13% ársvöxtum eftir 15. júlí 1975.

Í hinum nýja útreikningi er tap lífeyrisréttinda einnig reiknað til fjár að nýju með tilliti til þeirra breytinga, sem orðið hafa. Er þar og miðað við 7% og 9% ársvexti, eins og að ofan greinir. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda er talið nema 76.573 krónum, en mundi lækka um 24.8%, ef reiknað er með 13% ársvöxtum frá 13. júlí 1974.

Þáttur í kröfugerð gagnáfrýjanda, sem lýtur að ferðakostnaði, er vegna ferða föður hans með hann til Bretlands á árunum 1961—1963 til að leita honum lækninga vegna afleiðinga slyssins. Sætir sá kostnaður ekki andmælum.

Aðaláfrýjandi Samvinnutryggingar g/t hefur fengið Þóri Bergsson tryggingastærðfræðing til að reikna út, til hverra fjárhæða svari nú þær greiðslur, sem hann hefur þegar innt af hendi til gagnáfrýjanda vegna slyssins, ef þær eru umreiknaðar eftir breytingum, sem orðið hafa á næstlægsta kauptaxta Dagsbrúnar, síðan þær voru goldnar. Útreikningurinn er dags. 19. október 1975, og er niðurstaða hans þessi:

„Greiðsla 19.	1.	1961	kr.	5.000	svarar nú til kr.	59.214
—	18.	11.	1961	— 50.000	— — — —	538.329
—	2.	5.	1962	— 50.000	— — — —	538.329
—	21.	1.	1963	— 50.000	— — — —	490.152
—	9.	1.	1965	— 50.000	— — — —	364.007
—	8.	11.	1965	— 50.000	— — — —	315.623
—	21.	12.	1970	— 25.000	— — — —	85.763

Greiðslurnar alls kr. 280.000 svara nú til kr. 2.391.417“

IV.

Eins og sérstaklega stendur á í máli þessu, verða gagnáfrýjanda ákveðnar bætur í einu lagi fyrir fjártjón og annað tjón, svo sem héraðsdómari hefur gert. Þegar þess er gætt,

hverjar eru hinar varanlegu afleiðingar slyssins, sem við er miðað í örorkumati, líklegra áhrifa þeirra á vinnutekjur gagnáfrýjanda í framtíð, þjáninga hans eftir slysið og annars ófjárhagslegs tjóns, þykir óbætt tjón hans hæfilega metið 1.800.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til greiðslna, sem hann hefur fengið frá Sjúkrasamlagi Kópavogs og frá aðaláfrýjanda Samvinnutryggingum g/t, og haft í huga, hvenær þær greiðslur voru inntar af hendi. Er þess þá jafnframt gætt, að af 280.000 krónum, sem aðaláfrýjandi Samvinnutryggingar g/t hefur greitt, virðast 150.000 krónur, er greiddar voru á árunum 1961—1963, hafa gengið til greiðslu kostnaðar við að leita gagnáfrýjanda lækninga erlendis. Af hinni dæmdu fjárhæð eiga aðaláfrýjendur að greiða óskipt 220.000 krónur, en eftirstöðvarnar, 1.580.000 krónur, á aðaláfrýjandi Kaupfélag Patreksfjarðar að greiða einn.

Aðaláfrýjendur hafa eigi vefengt ákvörðun héraðsdóms um vexti, og verður hún staðfest.

Dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði, og er hann ákveðinn 200.000 krónur. Enn fremur greiði þeir málskostnað fyrir Hæstarétti, 265.000 krónur, og renni hann í ríkissjóð. Með tilvísun til 92. gr. laga nr. 20/1954, sbr. 2. mgr. 74. gr. laga nr. 26/1958, þykja eigi efni til skiptingar málskostnaðar milli aðaláfrýjenda samkvæmt niðurlagi 3. mgr. 181. gr. laga nr. 85/1936.

Gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, 250.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjendur, Kaupfélag Patreksfjarðar og Samvinnutryggingar g/t, greiði gagnáfrýjanda, D, óskipt 220.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 10. mars 1967 til 16. maí 1973, en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi Kaupfélag Patreksfjarðar greiði gagnáfrýjanda 1.580.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 10.

mars 1967 til 16. maí 1973, en með 9% ársvöxium frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði, 200.000 krónur. Enn fremur greiði þeir gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 265.000 krónur, og renni hann í ríkissjóð.

Gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, 250.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júlí 1974.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 28. f. m., hefur E, . . . , Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu f. h. ófjárráða sonar síns, D, með stefnu, birtri 12. mars 1973, gegn Kaupfélagi Patreksfjarðar, Patreksfirði, og Samvinnutryggingum g/t, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda við munnlegan málflutning voru þessar: Að stefndi Kaupfélag Patreksfjarðar yrði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 7.000.000 með 7% ársvöxtum frá 13. mars 1961 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur stefnanda á hendur stefnda Samvinnutryggingum g/t voru við munnlegan málflutning þær, að þessi stefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 220.000 með 7% ársvöxtum frá 13. mars 1961 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Varakrafa stefnanda við munnlegan málflutning var sú, að honum yrði dæmd önnur lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt vöxtum og málskostnaði.

Krafa stefnanda gegn Samvinnutryggingum g/t takmarkast við fjárhæð ábyrgðartryggingar Kaupfélags Patreksfjarðar hjá félaginu eftir ákvæðum umferðarlaga, sem var kr. 500.000.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og honum gert að greiða þeim málskostnað að mati dómsins.

Reynt hefur verið að koma sáttum á í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 13. mars 1961, um klukkan 1205, varð sonur stefnanda, D, fæddur 27. október 1954, fyrir bifreiðinni B 193 á Aðalstræti á Patreksfirði. Hljóp D frá hlið á vinstri hlið bifreiðarinnar aftanverða, um leið og bifreiðinni var ekið fram hjá. Hlaut hann mikil meiðsli, sem auk smærri áverka voru þessi:

Brot á hægri fótlegg, brot á mjaðmargrind og þvagrásarrifa. Honum var veitt bráðabirgðalæknishjálp á sjúkrahúsi Patreksfjarðar og sendur með flugvél á Landspítalann í Reykjavík að morgni hins 14. mars 1961.

Fyrir liggur skýrsla um slysið, undirrituð samdægurs af Ara Kristinssyni sýslumanni. Varð slysið við hús sýslumanns, og kom hann fljótlega á vettvang. Í skýrslu þessari segir, að bifreiðin B 193 hafi verið á leið niður Aðalstræti (hér er um að ræða olíu-bifreið Esso, eign Kaupfélags Patreksfjarðar, en bifreiðin var tryggð hjá stefnda Samvinnutryggingum g/t). Bifreið þessi var með olíugeymi og í honum um 1200 lítrar af olíu.

Vrörubifreiðinni B 335 var um þetta leyti ekið upp Aðalstræti og var framundan húsi nr. 55, þegar umrætt slys varð. Tekið er fram í skýrslunni, að bakki sé við götuna. Honum er ekki lýst frekar, en þess getið, að bakkinn sé nokkuð hár með þverstígum og bílabrautum barna. Börn eru sögð þar oft að leik. Samkvæmt ljósmyndum, sem lagðar hafa verið fram af vettvangi, sést, að á þessum kafla er gatan með hlöðnum steinkanti. Svæðið fyrir neðan götuna, þar sem börnin voru að leik, er talsvert lægra en yfirborð götunnar, og svæði þetta hallast frá götunni. Nokkrir drengir voru að leik fyrir neðan götuna í umrætt sinn. Einn þeirra var að elta D. Hljóp D upp á bakkann, og mun hann hafa ætlað heim. Var bifreiðinni B 193 ekið þarna fram hjá í sama mund og D kom upp á götuna. Tekið er fram, að D hafi ekki séð bifreiðina fyrr en of seint. Hafi hann ætlað að stöðva sig, er hann hafi séð til ferða bifreiðarinnar, en þá runnið til á snjónum (krapa) á götunni með þeim afleiðingum, að fætur hans hafi lent undir vinstra afturhjóli bifreiðarinnar og bifreiðin farið yfir báða fætur drengsins upp að nára.

Tveir 9 ára drengir, er þarna voru nærstaddir, báru það samkvæmt skýrslu sýslumanns, að bifreiðinni B 193 hafi verið ekið mjög hægt. Haft er eftir bílstjóranum, að hann hafi ekið á um það bil 15—20 km hraða. Hafi hann séð drengina á bakkanum,

en eigi séð merki þess, að þeir mundu hlaupa upp á götuna. Kveðst hann ekki hafa vitað, að D var kominn upp á götu, fyrr en hann fann, að hjólið fór yfir fætur drengsins. Kveðst bifreiðarstjórinn hafa verið við götubrún vegna bifreiðarinnar B 335, er kom á móti. Hafi hann hemlað þegar, er bifreiðin hafi farið yfir drenginn, og bifreiðin þá samstundis stöðvast.

Bifreiðarstjóri B 193, Kristinn S. Jóseppson, var yfirheyrður í sakadómi Barðastrandarsýslu á öðrum degi eftir slysið. Skýrði hann svo frá, að hann hafi verið að koma frá kaupfélaginu um 100 m frá slysstað. Hafi hann tekið bifreiðina af stað í öðrum gír og skipt í þriðja gír eftir að hafa ekið stutta vegarlengd. Færðin hafi verið nokkuð þung vegna krapa. Bifreiðin hafi verið með tvöföld afturhjól og tvöfalda snjókeðju á báðum afturhjólum. Hann kveðst hafa séð drengina að leik í bakkanum og haft auga með þeim „aftur fyrir hliðarglugga“. Engin merki hafi verið sjáanleg um það, að drengirnir hefðu í hyggju að hlaupa upp á götuna. Vegna bifreiðarinnar B 335 kveðst Kristinn hafa þurft að aka nokkuð út á vinstri vegarbrún. Hann hafi svo eigi vitað fyrr en hann fann, að vinstra afturhjólið fór yfir eitthvað. Kristinn kvaðst hafa fært bifreið sína lítilliga af slysstaðnum, til þess að bifreið sú kæmist leiðar sinnar, er sækja átti lækni. Kristinn ítrekar, að hann hafi ekið gætilega fram hjá drengjunum.

Þorsteinn Guðbergsson, 22 ára gamall, farþegi í bifreiðinni B 335, skýrði svo frá fyrir sakadómi 16. mars 1961, að bifreiðin B 335 hafi verið á móts við húsið Aðalstræti 55, þegar bifreiðin B 193 hafi komið á móti og verið ekið löturhægt. B 335 hafi einnig verið ekið hægt, þar eð í vændum var að mæta B 193. Vitnið kveðst hafa séð nokkra drengi að leik í bakkanum fyrir neðan götuna, en ekki séð þess nein merki, að þeir væru að koma upp á götuna. Þegar B 193 var komin á móts við drengina, hafi einn þeirra, D, tekið sig út úr hópnum og hlaupið upp á götuna. Hafi drengurinn hlaupið skáhallt upp bakkann í átt að bifreiðinni, er vitnið var í. Um leið og drengurinn kom upp á veginn, hafi hann lent á B 193 fyrir aftan hurð, en bifreiðinni hafi verið ekið fram hjá í sömu svifum og drengurinn kom upp á götuna. Um leið og drengurinn lenti á bifreiðinni, hafi hann fallið í götuna. Bifreiðin hafi stöðvast, um leið og hún hafi farið yfir fætur drengsins.

Vitnið Ólafur B. Þórarinsson, ökumaður B 335, kveðst hafa verið staddur með bifreið sína framan við húsið nr. 55 við Aðalstræti um klukkan 1205 framangreindan dag. Bifreiðin B 193 hafi

verið að koma á móti og báðir bifreiðarstjórnarnir verið að búa sig undir að mætast. Kveðst hann hafa verið með bifreið sína svo til stöðvaða og verið að víkja fyrir B 193. Hann kveðst hafa verið búinn að sjá barnahóp í bakkanum fyrir neðan veginn rétt við vegarbrúnina. Bifreiðinni B 193 hafi verið ekið mjög hægt fram hjá börnunum. Hafi bifreiðin verið „við hlið“ barnanna, er eitt þeirra tók sig út úr hópnum og hljóp þvert inn á veginn og lenti á milli hjóla bifreiðarinnar. Vitnið taldi, að drengurinn hafi skynjað hættuna, í því er hann kom inn á götuna, en þá ætlað að snúa við, en fallið í götuna. Nokkurt krap hafi verið og hálka. Vitnið sagði, að ökumaður B 193 hafi verið kominn með bifreið sína svo langt fram hjá barnahópnum, að hann muni ekki hafa séð til barnanna um hliðarrúðu. Vitninu virtist börnin vita, að bifreið var að fara fram hjá, en allt í einu hafi umræddur drengur tekið sig út úr hópnum og hlaupið inn á veginn. Vitninu virtist, að bifreiðinni B 193 væri sveigt aðeins frá barnahópnum, er henni var ekið þarna fram hjá. Vitnið sagði, að B 193 hafi verið ekið mjög gætilega í umrætt sinn.

Stefnandi telur, að stefndu beri óskipta fébótaábyrgð á tjóni D samkvæmt 67. og 69. gr., sbr. 74. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og svo almennum skaðabótareglum. Stefndu hafi hins vegar ekki viljað viðurkenna óskerta ábyrgð sína og því sé óhjákvæmilegt að höfða mál þetta. Stefnandi telur, að D verði ekki metin sök í máli þessu, heldur hljóti hin hlutlæga ábyrgðarregla 67. gr. nefndra umferðarlaga að leggja óskerta bótaábyrgð á Kaupfélag Patreksfjarðar, þar sem D hafi aðeins verið rúmlega 6 ára gamall, þegar slysið vildi til.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að eftir atvikum öllum þá sé ljóst, að D hafi hegðað sér mjög ógætilega, enda þótt fullt tillit sé tekið til hins unga aldurs hans. Hér sé það ljóst, að D hafi elt bifreiðina uppi með þeim hörmulegu afleiðingum að verða fyrir vinstra afturhjóli hennar. Áður en slysið varð, hafi hann ekki aðeins verið staddur utan vegarins, heldur og talsvert neðan við veginn. Bifreiðin B 193 hafi því blasað við drengjunum, sem voru við leik utan vegarins. Ekki sé unnt að sakast um slysið við ökumann bifreiðarinnar B 193. Það sé leitt í ljós, að hann hafi ekið mjög hægt og af fyllstu varúð og að öðru leyti verið kominn fram hjá barnahópnum neðan akbrautarinnar, þegar D hafi tekið sig út úr hópnum á þann hátt, sem greint er frá fyrr í dóminum. Þess vegna hafi engin von verið, að bifreiðarstjóri í aðstöðu öku-manns B 193 gæti átt von á svo óvæntum atburði, hvað þá að

hann gæti varast hann. Hér reyni sem sé alfarið á hina hlutlægu ábyrgð, en á móti henni vegi stórkostleg eigin sök tjónþolans. Stefndu telja, að mjög komi til álita, að D eigi að bera allt tjón sitt sjálfur, sbr. 3. mgr. 67. gr. umferðarlaganna. En meðal annars með tilliti til þess, að Samvinnutryggingar g/t hafi greitt upp í tjón D, sé ekki krafist fullrar sýknu af fébótaábyrgðinni. Hins vegar telja stefndu, að sá hluti tjóns D, sem hugsanlega gæti talist bótaskyldur, sé þegar fullbættur. Hin mjög takmarkaða bótaábyrgð, sem hér geti reynt á, og það bótafé, sem þegar hafi verið greitt, liggi til grundvallar sýknukröfunni.

Niðurstaða dómsins.

Samkvæmt 67. gr., 1. mgr., umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958 ber stefndi Kaupfélag Patreksfjarðar sem eigandi bifreiðarinnar B 193 hlutlæga fébótaábyrgð á slysi þessu gagnvart D. Í 3. mgr. sömu greinar segir, að lækka megí fébætur og jafnvel láta þær alveg falla niður, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, er meðvaldur þess eða meðábyrgur. Samkvæmt þessu ákvæði þykir rétt að lækka nokkuð fébætur til D. Þegar hafður er í huga hinn ungi aldur hans svo og aðstæður á slysstað, sem benda til þess, að D hafi ekki séð bifreiðina vegna hæðarmismunar á þeim stað, þar sem hann var að leika sér, og yfirborði vegarins, fyrr en í óefni var komið, þá þykir rétt að lækka fébætur til hans þannig, að hann beri $\frac{1}{4}$ hluta tjóns síns sjálfur, en fái tjónið bætt að $\frac{3}{4}$ hlutum úr hendi stefnda Kaupfélags Patreksfjarðar, en stefndi Samvinnutryggingar greiði honum kr. 220.000 af tildæmdum bótum, enda var ábyrgðartrygging félagsins takmörkuð við kr. 500.000, er slysið vildi til, og Samvinnutryggingar hafa þegar greitt kr. 280.000 í bætur til stefnanda.

Svo sem fyrr er getið í dóminum, meiddist D mjög alvarlega í slysinu. M. a. fór þvagrás hans í sundur, og þurfti hann að ganga undir marga uppskurði vegna þessa, þar sem þvagrásin vildi þrengjast.

Jónas Hallgrímsson læknir hefur metið örorku D vegna slyssins. Örorkumat læknisins er dags. 8. apríl 1974 og er mjög ítarlegt. Ekki er ástæða til þess að taka vottorð þetta upp nákvæmlega í dóminum, en í niðurstöðu þess segir m. a. svo:

„Af ofanskráðum vottorðum er ljóst, að D hefur hlotið bæði tímabundna og varanlega örorku af slysinu. Samkvæmt vottorðum dr. Friðriks Einarssonar mun D þurfa áfram að vera í eftirliti vegna útvíkkunar á þvagrás, sem hætta er á, að geti annars þrengst og haft slæmar afleiðingar í för með sér ...“. Og í niður-

lagi örorkumatsins kemst lækningurinn að þeirri niðurstöðu, að örorka D sé eftirfarandi:

„Frá slysinu í 2 ár 100%
Síðan varanleg örorka 35%“

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað út örorkutjón D. Eru útreikningar tryggingafræðingsins gerðir 22. júní 1974. Þeir eru byggðir á úrtaksrannsókn Framkvæmdastofnunar ríkisins á vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík samkvæmt skattframtölum og tekjurnar umreiknaðar með tilliti til kaupbreytinga. Tryggingafræðingurinn byggir á því, að D byrji að fá tekjur á 14. ári, 5% af meðalkaupi kvæntra verkamanna. Síðan hækki kaupið hlutfallslega ár frá ári og þegar D sé orðinn 21 árs hafi hann náð fullu kaupi. Síðan reiknar hann út árlegt tap vinnutekna í samræmi við framangreint örorkumat, og reiknast verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdagi nema:

- a. Reiknað með 7% ársvöxtum kr. 1.908.571
- b. Reiknað með 7% ársvöxtum frá slysdagi til 16.
maí 1973, en 9% ársvöxtum eftir það — 1.565.427

Þá hefur tryggingafræðingurinn reiknað sérstaklega út tap lífeyrisréttinda. Sé reiknað með 7% ársvöxtum, nemur tap kr. 67.942, en ef reiknað er með 9% ársvöxtum frá 16. maí 1973, nemur tapið kr. 55.588.

Stefnandi gerir ekki sérstaka fjárkröfu vegna atvinnutjóns, heldur hefur hann krafist bóta í einu lagi bæði vegna atvinnutjóns og ófjárhagslegs tjóns. Bendir stefnandi sérstaklega á það, að miskabætur í þessu máli hljóti að verða afar háar vegna þess, hversu miski í málinu sé mikill. Stefnandi hafi þurft að undirgangast margar lækniðagerðir vegna meiðsla sinna og hann hafi þurft að dveljast langdvölum á sjúkrahúsum. Auk þess hafi hann hlotið annars konar sársauka og ávallt geti þvagfærasjúkdómur hans tekið sig upp síðar á ævinni.

Stefndu mótmæla fjárkröfu stefnanda sem allt of hárrí. Benda þeir sérstaklega á það, að örorkumat stefnanda og þar af leiðandi útreikningur á örorkutjóni hans sé ekki raunhæfur, þar sem ljóst megir vera, að þótt stefnandi sé metinn 35% öryrki, séu möguleikar hans til að afla sér tekna ekki skertir sem því nemi. Hins

vegar sé ljóst, að ef um eitthvert tjón sé að ræða, þá sé það fyrst og fremst miski, en ekki atvinnutjón.

Rétturinn fellst á það með stefnanda, að eðlilegt sé, eins og mál þetta er vaxið, að dæma stefnanda bætur í einu lagi bæði fyrir fjártjón og miska. Þá getur rétturinn einnig fallist á það með stefndu, að ekki beri að leggja örorkumat og örorkutjónsútreikning alfarið til grundvallar við ákvörðun þessara bóta, en hins vegar ber að hafa nokkra hliðsjón af þessum gögnum. Hitt er ljóst samkvæmt örorkumatinu, að tjón stefnanda er fyrst og fremst ófjárhagslegt tjón, þ. e. miski, sársauki og skertir möguleikar til að njóta lífsins eins og aðrir heilbrigðir menn. Þegar þetta er haft í huga, þykir tjón stefnanda, D, af völdum framangreinds slyss hæfilega metið í einu lagi kr. 3.000.000. Frá þeirri fjárhæð ber að draga kr. 280.000, sem lögmenn aðilja voru sammála um við munnlegan flutning málsins, að Samvinnutryggingar g/t væru þegar búnar að greiða upp í tjón stefnanda. Eftir standa þá kr. 2.720.000. Af þeirri fjárhæð á stefnandi sjálfur að bera $\frac{1}{4}$ hluta, þ. e. kr. 680.000. Eftir standa þá kr. 2.040.000. Af þeirri fjárhæð eiga stefndu, Kaupfélag Patreksfjarðar og Samvinnutryggingar g/t, að greiða stefnanda kr. 220.000 auk 7% ársvaxta frá 10. mars 1967 til 16. maí 1973 og 9% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags, enda eru eigi eldri vextir en frá 10. mars 1967 fyrndir.

Stefndi Kaupfélag Patreksfjarðar greiði einn stefnanda kr. 1.820.000 með 7% ársvöxtum frá 10. mars 1967 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verða stefndu dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað. Málskostnaður stefnanda ákveðst kr. 247.000, en af þeirri fjárhæð nemur útlagður kostnaður kr. 24.430. Málskostnað þennan skulu stefndu greiða þannig, sbr. 3. mgr. 181. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði, Kaupfélag Patreksfjarðar kr. 172.000, en Samvinnutryggingar g/t kr. 75.000.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Kaupfélag Patreksfjarðar og Samvinnutryggingar g/t, greiði stefnanda, E f. h. ófjárráða sonar síns, D, kr. 220.000 með 7% ársvöxtum frá 10. mars 1967 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi Kaupfélag Patreksfjarðar greiði stefnanda kr.

1.820.000 með 7% ársvöxtum frá 10. mars 1967 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi Kaupfélag Patreksfjarðar greiði stefnanda kr. 172.000 í málskostnað, en stefndi Samvinnutryggingar g/t greiði stefnanda kr. 75.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
